

Starfshópur um Hellisgerði

Áfangaskýrsla, 9. Maí 2018

Starfshópur um Hellisgerði var skipaður á fundi Umhverfis- og framkvæmdaráðs 1. nóvember 2017.

Hlutverk starfshópsins var samkvæmt erinindisbréfi:

Erindisbréf

Starfshópur um Hellisgerði.

Hlutverk:

Meginverkefni starfshóps er að gera 5 ára verkefna- og umbótaáætlun fyrir Hellisgerði með það að markmiði að koma garðinum í gott horf fyrir 100 ára afmæli hans sem er 2023.

Garðurinn var skapaður af hugsjón og áhuga á garðrækt og átti að skapa áhuga almennings á ræktun með það að leiðarljósi að skapa vettvang til útiveru. Garðurinn er vinsæll viðkomustaður og var hann hugsaður sem vin í erli hverdagsleikans þar sem fólk getur sest niður og notið náttúrunnar. Það er mjög mikilvægt að starfshópurinn sé meðvitaður um upphaflegt hlutverk garðsins og beri virðingu fyrir því frumkvöðlastarfi sem Magnamenn stofnendur garðsins hófu vorið 1923.

Þrjú lykiltríði þarf að skoða með beinni tilvísun í hugmyndir frumkvöðla garðsins.

1. Að verða skemmtistaður þar sem bæjarbúar eiga þess kost að njóta ánægju og hvíldar. Það þarf að koma upp fjölbreyttum gróðri innlendra sem og erlendra blóma og trjátegunda.
2. Að vekja áhuga bæjarbúa á blóma- og trjárækt.
3. Að geyma óraskaðar minjar um hið sérkennilega bæjarstæði Hafnarfjarðar.

Til þess að gera þessu verkefni góð skil þarf starfshópurinn að gera 5 ára framkvæmdaráætlun um hvernig best sé að ráðast í verkið. Þessari áætlun þarf að fylgja kostnaðaráætlun.

Það þarf að skila ástandsgreiningu fyrir garðinn og koma með tillögu að úrbótum. Þau atriði sem þarf sérstaklega að skoða eru:

1. Allt yfirborð, bæði hellur, hleðslur og tröppur ásamt göngustígum um hraunið.
2. Ástand gróðurs og gera tillögur að aukinni fjölbreytni og bæta við sjaldgæfum tegundum eins og gert var í upphafi bæði fjölgæringum, runnum og trjám.
3. Lýsingu garðsins.
4. Gera innganginn sýnilegri og gera inngönguhið frá Reykjavíkurvegi og Hellisgötu.
5. Fjölbreyttari nýtingu t.d við Oddubæ.
6. Hvort þörf er á frekari uppbyggingu mannvirkja.

Eftirtaldir voru skipaðir í starfshópinn:

Helga Ingólfssdóttir, formaður

Pórunn Blöndal

Sverrir Jörstad Sverrisson

Með starfshópnum störfuðu enn fremur Berglind Guðmundsdóttir, landslagsarkitekt og Ingibjörg Sigurðardóttir, garðyrkjustjóri.

Starfshópurinn hélt 6 fundi, kynnti sér fyrirbyggjandi gögn um Hellisgerði og fékk til sín í heimsókn fulltrúa Hollvínasamtaka Hellisgerðis, Ragnhildi Jónsdóttir. Starfshópurinn heimsótti enn fremur Grasagarðinn í Reykjavík og fékk kynningu á starfsemi hans.

Fóru starfsmenn á málstofu FÍLA og minjastofnunnar Íslands sem haldinn var í Norræna húsinu 26. apríl sl. sem bar heitið **Garðar – lifandi minjar**.

Þar kom m.a. fram að í 3. gr. um lögum um menningarminjar nr 80/2012 segir: „Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

*a. búsetulandslag, **skróðgarðar** og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar....“* Þetta ákvæði þarf að hafa í huga.

Samstarf faghóps Félags íslenskra landslagsarkitekta um sögu garðlistar á Íslandi og Minjastofnunar hefur staðið yfir sl. 2 ár. Á málstofunni var kynnt skýrsla sem hópurinn hefur unnið að með styrk frá Fornleifasjóði en í skýrslunni eru kynntar aðferðir við verndarmat og skráningu gamalla garða sem teljast til fornminja og eru friðaðir skv. minjalögum. Hellisgerði fellur undir þann hóp.

Það þarf því að byrja á því að skrá garðinn skv. þeim aðferðum sem kynntar voru á fundinum í samstarfi við Minjastofnun.

Til þess að ná fram því markmiði að Hellisgerði verði komið í gott horf árið 2023 þegar 100 ár eru síðan garðurinn var formlega stofnaður leggur starfshópurinn til eftirfarandi verkefna- og umbótaáætlun ásamt ýtarlegri kosnaðaráætlun.

- 1 Sett verði í gang vinna við heildarskipulag garðsins. Unnið út frá algildri hönnun.
- 2 Leggja drög að þjónustuhúsi með skilgreindu hlutverki
- 3 Ástands- og verðmat á gróðri, hleðslum, tröppum og göngustígum og öðrum mannvirkjum.
- 4 Hellisgerði verði skilgreint sem safn og geti þannig gengt menningar- og fræðsluhlutverki.

Hópurinn leggur áherslu á aðkomu allra þeirra grasrótarsamtaka og fagaðila sem komið hafa að uppbyggingu og umsjón garðsins við áframhaldandi vinnslu við verkefnið.